

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2019 í máli nr. S-3/2019:

Ákærvaldið

(Katrín Hilmarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Jón Egilsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 7. mars sl., er höfðað með ákæru útgefinni af héraðssaksóknara 4. janúar 2019 á hendur X, fyrir nauðgun, með því að hafa að næturlagi í ágústmánuði árið 2015, án samþykkis haft samræði við A, á þáverandi sameiginlegu heimili þeirra að ... Reykjavík, með því að beita A ofbeldi og ólögumætri nauðung, en ákærði fór upp í rúm til hennar, reif utan af henni náttföt og nærföt, og eftir mikil átök milli þeirra náði ákærði að yfirbuga hana og hafa við hana samræði.

Er þetta talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu brotþola er þess krafist að ákærði greiði henni 8.000.000 króna ásamt vöxtum af fjárhæðinni skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 11. september 2015 en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða brotþola málskostnað að skaðlausu.

Ákærði neitar sök. Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hann þess að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi, til vara sýknu af henni og þrautavara lækkunar bótakröfu. Loks krefst hann þess að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 30. september 2015 mætti brotþoli á lögreglustöð til að leggja fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot. Við það tækifæri var tekin skýrsla af brotþola. Greindi brotþoli m.a. frá því að í ágúst 2015 hefði ákærði að næturlagi ruðst inn í herbergi hennar á heimili brotþola og rifið föt utan af henni. Hafi ákærði því næst þvingað brotþola til kynferðismaka. Sonur brotþola hafi verið í næsta herbergi og orðið var við atvikið. Við skýrslugjöfina greindi brotþoli nánar frá þessu atviki, sem og þrem öðrum tilvikum þar sem brotþoli bar að ákærði hefði nauðgað henni sumarið 2015.

Á meðal gagna málsins er vottorð sem sálfræðingur hefur ritað 15. maí 2017 á vegum Áfallateymis Landspítala háskólasjúkrahúss vegna brotaþola. Fram kemur að brotaþola hafi verið vísað í áfallahjálp hjá áfallamiðstöðinni af hjúkrunarfræðingi á Bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss 5. september 2015. Hafi brotaþoli leitað þangað vegna ætlaðrar líkamsárásar þann sama dag. Hafi sálfræðingurinn hitt brotaþola tvisvar í framhaldinu. Afleiðingar líkamsárásarinnar hafi verið metnar og fylgst með andlegu ástandi brotaþola. Hafi brotaþola verið veitt áfallahjálp og sálrænn stuðningur. Eins hafi verið metin þörf fyrir sálfræðilega meðferð og veitt eftirfylgni. Í vottorðinu kemur fram að brotaþoli hafi greint frá öðrum líkamsárásum og kynferðisofbeldi af hálfu ákærða þau tvö ár sem þau hafi verið saman á árunum 2013 til 2015. Ekki hafi gefist tækifæri til að meta áhrif þeirra áfalla á daglegt líf brotaþola.

Á meðal gagna málsins eru dagálar Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða frá árinu 2015. Í dagál frá 25. júní 2015 kemur fram að ráðgjafi hafi farið með brotaþola í Kvennaathvarfið til að fá ráðgjöf vegna sambýlismanns. Samkvæmt dagál frá 14. ágúst 2015 kom brotaþoli í viðtal. Hafi hún greint frá því að frá því síðast hafi einu sinni komið til líkamlegra átaka á milli hennar og sambýlismanns. Hafi sambýlismaðurinn hrint brotaþola og rifið harkalega í hár hennar. Hafi hann í tvígang nauðgað brotaþola. Hafi brotaþoli verið hvött til að leita í Kvennaathvarfið og hafa samband við lögreglu þegar til átaka kæmi. Samkvæmt dagál 27. ágúst 2015 hafi brotaþoli komið í viðtal þann dag. Hafi hún greint frá því að aðstæður væru óbreyttar. Frá síðasta viðtali hafi ákærði nauðgað brotaþola og hafi sonur brotaþola heyrt það sem fram fór. Brotaþoli hafi ekki leitað til Kvennaathvarfsins. Hafi ráðgjafi ítrekað mikilvægi þess að brotaþoli leitaði til lögreglu þegar sambýlismaðurinn bryti gegn henni. Hafi brotaþoli verið hvött til að kæra ítrekaðar nauðganir. Hafi brotaþoli lýst því að hún væri tilbúin til að leggja fram kæru en þegar ráðgjafi hafi haft samband við rannsóknarlögreglumann hafi brotaþoli dregið kæru til baka þar sem hún hafi óttast viðbrögð ákærða. Í dagál 1. september 2015 kemur fram að brotaþoli hafi sagt að ákærði væri líklegast að flytja út, en hún hafi beðið hann um að fara. Hafi ákærði sagt að hann ætlaði að skrifa bifreið á brotaþola og væri hann fluttur úr svefnherbergi þeirra. Samkvæmt yfirliti Þjónustumiðstöðvarinnar 3. september 2015 kemur fram að brotaþoli hafi komið í afgreiðslu Þjónustumiðstöðvarinnar og skilið eftir bréf þar sem fram hafi komið að til harkalegra átaka hafi komið milli hennar og ákærða fyrr um daginn, en ákærði hafi lagt á hana hendur og sagt að hann ætlaði ekki úr íbúðinni.

Félagsráðgjafi hjá Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, hefur 26. febrúar 2019 ritað staðfestingu vegna brotaþola. Fram kemur að brotaþoli hafi komið í sitt fyrsta viðtal 23. október 2017. Frá þeim tíma hafi brotaþoli einnig

komið reglulega í opið hús hjá pólskum konum í Bjarkarhlíð. Það verkefni hafi haft þann tilgang að veita konum frá Póllandi stuðning sem sætt hafi ofbeldi. Hafi brotaþoli lýst alvarlegu heimilisofbeldi í sambandi sínu við ákærða. Hafi hún lýst endurteknu líkamlegu ofbeldi og andlegu ofbeldi þar sem nauðgun hafi verið hluti af ofbeldinu. Hafi brotaþoli verið með sterk einkenni áfallastreituröskunar þar sem hún hafi óttast um líf sitt við árásir mannsins. Hafi hún átt erfitt með að tala um ofbeldið og komist í mikið tilfinningalegt uppnám. Hafi þetta haft í för með sér mikla vanlíðan sem brotaþoli hafi átt erfitt með að ráða við en einnig hafi hún átt við mikinn svefnvanda að etja. Væri það mat félagsráðgjafa að ætlað ofbeldi hafi haft verulega alvarlegar afleiðingar fyrir brotaþola þar sem trú hennar á heiminn sem öruggs staðar hafi verið kippt undan henni og eftir staðið ótti, öryggisleysi og reiði í garð ákærða.

Með bréfi 30. maí 2016 tilkynnti lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu ákærða og brotaþola að ekki þætti lengur grundvöllur fyrir frekari rannsókn varðandi kæru brotaþola á hendur ákærða, en fyrir lá kæra brotaþola um nauðgun af hálfu ákærða í fjögur skipti á árinu 2015. Með bréfi 7. júlí 2016 tilkynnti lögreglustjóri ríkissaksóknara að gögn frá Félagsþjónustu Reykjavíkur hefði ekki verið inni í rannsókn málsins en í viðtölum þar hafi brotaþoli í viðtölum lýst því að ákærði hafi nauðgað henni. Þessi gögn hafi ekki legið fyrir við ákvörðun um að hætta rannsókn málsins. Í ljósi þessara gagna væri tilefni til að halda rannsókn málsins áfram. Brotaþoli kærði 14. júní 2016 greinda ákvörðun lögreglustjóra um að hætta rannsókn málsins. Með ákvörðun 7. september 2016 var sú ákvörðun felld úr gildi og lagt fyrir lögreglustjóra að halda rannsókn málsins áfram. Með bréfi héraðssaksóknara 18. september 2018 var ákærða og brotaþola tilkynnt um niðurfellingu á rannsókn málsins. Af hálfu brotaþola var sú ákvörðun kærð til ríkissaksóknara, sem með ákvörðun 17. desember 2018 lagði fyrir héraðssaksóknara að gefa út ákæru á hendur ákærða fyrir að hafa nauðgað brotaþola í ágúst 2015 á þáverandi sameiginlegu heimili þeirra í Reykjavík. Staðfest var niðurstaða héraðssaksóknara um að fella niður aðra þætti málsins.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins hjá lögreglu 25. nóvember 2015. Þá gaf hann skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Ákærði hefur greint svo frá að hann og brotaþoli hafi kynnst á árinu 2013 á meðan þau hafi búið í Póllandi. Þau hafi tekið upp sambúð ytra. Í mars 2014 hafi þau flutt saman til Íslands. Ákærði hafi farið á undan ásamt syni sínum og hans kærustu. Brotaþoli og sonur hennar hafi komið saman til landsins í kjölfarið. Brotaþoli hafi verið í mánuð en þá farið aftur til Póllands. Hún hafi komið alkomin í júlí á því ári. Ákærði og brotaþoli hafi búið saman ... í Reykjavík. Ákærði kvað brotaþola hafa borið upp á hann að hann

hefði nauðgað brotþola sumarið 2015 á Það væri alfarið rangt. Þau hafi búið saman á ... og ekkert slíkt átt sér stað. Mánuðina apríl 2015 og fram eftir sumri hafi ákærði verið í tvöfaldri vinnu. Hafi hann unnið að nóttu til og komið heim um það leyti sem brotþoli hafi farið til vinnu. Hafi þau því ekki sofíð saman þetta sumar. Þau hafi glímt við peningavandamál og brotþoli sífellt viljað meiri peninga frá ákærða. Samskipti þeirra hafi versnað í júní 2015 vegna þessa. Hafi ákærði þá farið að sofa í stofu í íbúðinni en brotþoli hafi sofíð inni í svefnherbergi. Þau hafi síðan slitið sambúðinni í september þetta sama ár. Á meðan þau hafi stundað kynlíf í sambúðinni hafi allt gengið vel og ekkert ofbeldi átt sér stað. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu miðvikudaginn 25. nóvember 2015. Ákærði var spurður að því hvort hann og brotþoli hefðu stundað reglulega kynlíf frá maí til september 2015. Ákærði svaraði því til að ákærði og brotþoli hefðu elskast eðlilega og lifað eðlilega. Fyrir dómi lýsti ákærði því að ákærði hefði ekki rífið utan af brotþola náttföt og nærföt, svo sem honum væri gefið að sök. Þá hafi hann aldrei veitt brotþola áverka á kynfærum. Sem fyrr greinir hafi ákærði og brotþoli farið að rífast í ágúst 2015. Hafi brotþoli þá farið til lögreglu og kært ákærða fyrir nauðgun. Í september þetta sama ár hafi brotþoli fengið sett nálgunarbann á ákærða. Hafi ákærði og brotþoli rífast 1. september 2015 vegna bifreiðar er ákærði hafi átt. Hafi þá komið til líkamlegra átaka á milli þeirra. Ákærði hafi í kjölfarið flutt inn á heimili sonar síns. Brotþoli hafi hringt í ákærða skömmu síðar og viljað fá hann aftur inn á heimilið. Ákærði hafi flutt aftur inn en vandamál tengd peningum strax komið upp aftur. Eftir fjóra daga hafi ákærði farið aftur út af heimilinu. Hafi brotþoli verið reið yfir því að ákærði flutti á brott. Ákærði kvað samband sitt og sonar brotþola hafa verið fínt á meðan ákærði var í sambúð með brotþola. Hafi ákærði viljað ganga drengnum í föðurstað. Ákærði kvað brotþola aldrei hafa borið upp á sig að hafa nauðgað brotþola. Hafi ákærði ekki staðið frammi fyrir því fyrr en honum hafi verið kynnt það er hann hafi verið boðaður í skýrslugjöf hjá lögreglu. Ákærði kvaðst ekki vera í neinum samskiptum við brotþola í dag.

Brotþoli lýsti atvikum þannig fyrir dóminum að hún hafi kynnst ákærða í júní 2013 er þau hafi átt heima í Póllandi. Brotþoli hafi þá nýlega verið búin að missa móður sína. Hafi ákærði verið góður við brotþola og verið eins konar öxl til að gráta á. Þau hafi síðan flutt saman til Íslands. Eftir að til Íslands kom hafi margt gerst. Hafi ákærði ítrekað nauðgað brotþola, en því hafi hann áður verið búinn að hóta. Fyrir dómi var brotþoli treg til að lýsa atvikinu sem mál þetta snýst um. Væri henni mjög þungbært að rífa atvikið upp. Eftir nokkurn eftirgang lýsti brotþoli því aðspurð að ákærði hefði nauðgað henni í ágúst 2015 að ... í Reykjavík. Umrædda nótt hafi sonur brotþola verið í næsta herbergi og heyrt það sem fram fór. Á

Þessum tíma hafi brotaþoli verið búin að vísa ákærða út úr svefnherberginu og hafi hann sofði frammi í stofu. Brotaþoli hafi verið sofandi seint að nóttu til er ákærði hafi komið inn í svefnherbergið til hennar. Brotaþoli hafi vaknað og orðið hrædd. Hafi hún sagt ákærða að fara út úr herberginu. Hann hafi ekki gert það. Hafi ákærði viljað liggja uppi í rúmi hjá brotaþola. Hafi brotaþoli sett sæng yfir sig. Hafi hún öskrað og sagt ákærða að láta sig vera og að hann ætti að fara. Ákærði hafi lagst ofan á brotaþola og með valdi rífið náttföt og nærföt utan af henni. Hann hafi með valdi stungið getnaðarlim sínum inn í leggöng brotaþola. Ákærði og brotaþoli hafi verið í líkamlegum átökum á meðan, en brotaþoli hafi barist um til að komast undan ákærða. Ákærði hafi verið sterkur og fest hendur og fætur brotaþola undir ákærða. Brotaþoli væri ekki viss um hve lengi atlagan hefði staðið en á endanum hafi ákærði staðið upp, farið út úr herberginu og fram í stofu. Átökin á milli ákærða og brotaþola hafi tekið langan tíma. Hafi brotaþoli hrópað á hjálp. Til að ekki heyrðist í brotaþola hafi ákærði sett púða yfir andlit hennar. Brotaþoli kvaðst hafa fengið áverka við árásina. Hafi hún farið í sturtu, en blætt hafi úr brotaþola. Hafi blóðið komið úr leggöngum hennar. Brotaþoli kvaðst hafa sagt syni sínum og vinkonu frá þessu atviki. Hafi það verið stuttu eftir þetta atvik, á meðan ákærði hafi enn búið á Brotaþoli kvaðst hafa leitað á slysadeild 5. september 2015 í kjölfar líkamsárásar af hálfu ákærða skömmu áður. Ekki myndi brotaþoli hvort hún hefði á þeim tíma lýst kynferðisbrotinu fyrir þetta sumar. Allt hafi á þeim tíma snúist um líkamsárásina. Í ágúst 2015 hafi brotaþoli unnið á hóteli í Reykjavík. Hafi brotaþoli sagt samstarfskonu sinni á hótelinu frá brotum ákærða. Hafi brotaþoli sagt samstarfskonu sinni frá því að brotaþoli hafi ekki viljað fara heim til sín að ... fyrir en ákærði væri sofnaður. Hafi hún fram að því gengið um bæinn.

Föstudaginn 9. desember 2016 var tekin skýrsla af syni brotaþola í Barnahúsi, á grundvelli 1. mgr. c-liðar 59. gr. laga nr. 88/2008. Var vitnið þá 12 ára að aldri. Vitnið lýsti því að ákærði og brotaþoli hefðu rifist mikið á heimilinu. Varla nokkur dagur hafi liðið án rifrildis. Hafi ákærði öskrað mikið og notað ljót orð gagnvart brotaþola. Hafi vitnið einu sinni heyrt er ákærði hafi nauðgað brotaþola en brotaþoli hafi sagt það hafa gerst oft. Ákærði hafi farið úr íbúðinni í september til október 2015. Það brot sem vitnið hafi orðið áskynja um hafi verið mánuði eða tveim áður. Umrætt sinn hafi vitnið verið inni í herberginu sínu. Hafi brotaþoli verið sofandi inni í hinu svefnherberginu, en það herbergi hafi verið við hliðina á herbergi vitnisins. Hafi vitnið heyrt brotaþola segja ákærða að hætta, að þessu lyki ekki svona og að hún ætlaði til lögreglu og að ákærði færi í fangelsi. Hann kæmist ekki upp með þetta. Þessi orðaskipti hafi vitnið heyrt. Þá hafi ákærði hætt og vitnið ekkert meira heyrt úr herberginu. Þessi atburðarás hafi staðið í tuttugu mínútur til hálf tíma. Ákærði hafi sennilega farið í kjölfarið. Af hljóðum að dæma úr

herberginu hafi vitnið talið líklegt að ákærði væri að nauðga brotþola. Hafi hann ráðið það af rödd ákærða og brotþola. Vitnið hafi rætt þessa hluti við brotþola næsta dag. Hafi brotþoli þá sagt að ákærði hefði nauðgað henni. Hafi brotþoli ekki mikið vilja ræða það af ótta við að ákærði myndi heyra. Ákærði hafi þá verið inni í stofu.

Vitnið B kvaðst hafa kynnst brotþola hér á landi og þær orðið vinkonur. Hafi brotþoli sagt vitninu frá því að ákærði hafi í ágúst 2015 nauðgað henni. Hafi tekið á brotþola að lýsa þessu. Hafi brotþoli lýst nokkrum tilvikum þar sem ákærði hafi nauðgað brotþola. Frá þessu hafi brotþoli sagt eftir líkamsárás, sem brotþoli hafi orðið fyrir af hálfu ákærða í byrjun september 2015. Brotþoli hafi lýst því að í einu tilviki er ákærði hafi nauðgað brotþola hafi sonur brotþola verið í næsta herbergi. Á þeim tíma hafi vitnið og brotþoli umgengist hvor aðra mikið. Hafi vitnið hvatt brotþola til að leita til lögreglu með sín mál.

Vitnið C kvaðst hafa flutt til landsins á árinu 2013. Hafi vitnið og brotþoli byrjað að vinna saman á árinu 2014. Hafi brotþoli á sínum tíma sagt vitninu frá því að ákærði hafi nauðgað sér. Hafi atvikið gerst á heimili ákærða og brotþola. Hafi staðan verið erfið á heimili brotþola. Hafi brotþoli sagt að hún ætlaði að kæra ákærða fyrir nauðgun. Vitnið lýsti því að hún myndi atvik ekki vel í dag, en hún hefði munað þau mun betur er hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Í skýrslu vitnisins hjá lögreglu er greint frá því að brotþoli hafi oft komið taugaveikluð í vinnuna. Hafi brotþoli sýnt vitninu marbletti sem hún hafi sagt vera eftir átök við ákærða. Hafi brotþoli oft verið hágrátandi. Hafi brotþoli sagt að ákærði hafi þvingað nánd við hana. Hafi brotþoli oft hringt í vitnið og sagt að ákærði hafi þvingað nánd við hana. Hafi hún sagt hann hafa hótad sér og sagt að þetta væri skylda hennar. Hún ætti að vera heima og sofa hjá ákærða óháð því hvort hún vildi það eða ekki. Einu sinni hafi brotþoli hringt og sagt að hún væri búin að gráta í hálf klukkustund. Hafi ákærði beðið eftir að sonur brotþola væri sofnaður. Hafi hann komið inn til hennar, klætt hana úr bol og nærbuxum, þrýst henni í rúmið og haft við hana samræði. Hafi hún ekkert getað sofið um nóttina.

Sonur ákærða kom fyrir dóminn. Kvaðst vitnið hafa búið á Íslandi í maí 2015. Hafi verið nokkur samgangur á milli heimilis ákærða og brotþola annars vegar og heimili vitnisins hins vegar. Hafi vitninu fundist samband ákærða og brotþola vera eðlilegt. Hafi brotþoli ekki greint vitninu frá því að ákærði hafi beitt hana ofbeldi.

Unnusta sonar ákærða kvaðst hafa verið í sambúð með syni ákærða á árinu 2015. Hún hafi ekki farið oft á heimili ákærða og brotþola á þessum tíma og ekki orðið vör við ofbeldi af hálfu ákærða í garð brotþola. Vitnið hafi fyrst heyrt af slíku ofbeldi eftir að brotþoli hafi lagt fram kæru á hendur ákærða.

Sálfræðingur er ritaði vottorð 15. maí 2017 á vegum Áfallateymis Landspítala háskólasjúkrahúss lýsti því að brotaþoli hefði komið í tvö viðtöl vegna líkamsrásar er hún hefði orðið fyrir í byrjun september 2015. Í viðtölum hafi brotaþoli einnig greint frá fyrri áföllum. Hafi komið fram í þeim viðtölum að ákærði hafi brotið kynferðislega gegn brotaþola. Hafi brotaþoli óttast ákærða mjög. Brotaþola hafi verið vísað til áfallateymisins af slysadeild vegna líkamsrásarinnar. Væri ekkert óeðlilegt við það að brotaþoli hefði þá ekki greint frá fyrri áföllum, þar sem hugur hennar hafi þá mest snúist um hið nýafstaðna ofbeldi. Í viðtölum hafi ekki verið farið nákvæmlega í tímasetningar varðandi kynferðisbrotin. Í viðtölum við brotaþola hafi komið fram að brotaþoli hafi fundið fyrir sjálfsvígshugsunum þegar ákærði hafi hótað því að drepa brotaþola.

Félagsráðgjafi er ritað hefur dagála vegna viðtala við brotaþola á vegum félagsþjónustunnar gerði grein fyrir viðtölum sem brotaþoli sótti hjá félagsþjónustunni. Fram kom að margt hafi verið til umræðu. Fyrir utan lýsingu á ofbeldi er brotaþoli hafi upplifað hafi verið rætt um son brotaþola. Brotaþoli hafi komið í tvö viðtöl í ágúst 2015. Fyrra tilvikið hafi verið um miðjan maí. Þá hafi brotaþoli talað um nauðganir af hálfu brotaþola. Hún hafi komið aftur stuttu síðar, eða 27. maí, og þá talað um að hafa verið nauðgað einu sinni aftur. Í bæði þessi skipti hafi brotaþoli verið í miklu uppnámi og hrædd. Hafi hún verið óviss um framtíð sína, en hún hafi viljað út úr sambandinu með ákærða. Hafi félagsráðgjafinn bent brotaþola á að leita til lögreglu en brotaþoli verið hrædd við það vegna ákærða. Hafi brotaþoli verið félagslega einangruð. Vitnið hafi farið með brotaþola í Kvennaathvarfið í júní 2015. Vitnið hafi þekkt til þess að brotaþoli hafi fengið nálgunarbann sett á ákærða í september 2015.

Félagsráðgjafi hjá Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, staðfesti fyrir dómi vottorð frá Bjarkarhlíð vegna brotaþola, sem dagsett er 26. febrúar 2019.

Niðurstæða:

Ákærða er gefin að sök nauðgun, með því að hafa án samþykkis brotaþola, að næturlagi í ágúst 2015, haft samræði við hana á þáverandi heimili þeirra í Reykjavík, með því að beita brotaþola ofbeldi og ólögumætri nauðung, á þann hátt að hafa farið upp í rúm til hennar, rífið utan af henni náttföt og nærföt og eftir átök að hafa yfirbugað hana og haft við hana samræði. Er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök. Hann kveðst hafa unnið tvöfalda vinnu í apríl 2015 og fram eftir sumri það sumar. Er ákærði hafi komið heim eftir vakt hafi brotaþoli verið á leið til sinnar vinnu. Hafi þau því aldrei sofið saman þetta sumar. Ákærði

hafi ekki brotið gegn brotþola svo sem í ákæru greinir.

Brotþoli hefur lýst því að greint sinn hafi ákærði komið inn í herbergi til brotþola að næturlagi. Hafi brotþoli bannað ákærða að koma inn. Ákærði hafi ekki farið eftir því. Hafi hann óboðinn farið upp í rúm til brotþola, rífið utan af henni náttföt og nærföt og þvingað hana til samræðis. Hafi brotþoli streist á móti, en ekki ráðið við ákærða, sem beitt hafi aflsmunum. Brotþoli hafi rætt þetta atvik við son sinn næsta dag, en hann hafi verið vakandi og heyrt það sem fram fór.

Sonur brotþola gaf skýrslu í Barnahúsi í desember 2016, þá 12 ára að aldri. Í vætti hans kom fram að brotþoli hefði verið sofandi inni í svefnherbergi, en það herbergi hafi verið við hlið herbergis vitnisins. Hafi vitnið heyrt brotþola segja ákærða að hætta, að þessu lyki ekki svona og að hún ætlaði til lögreglu og að ákærði færi í fangelsi. Hann kæmist ekki upp með þetta. Þessi atburðarás hafi staðið í tuttugu mínútur til hálf tíma. Af hljóðum að dæma úr herberginu hafi vitnið talið líklegt að ákærði væri að nauðga brotþola. Hafi hann ráðið það af rödd ákærða og brotþola. Vitnið hafi rætt þessa hluti við brotþola næsta dag. Hafi brotþoli þá sagt að ákærði hefði nauðgað henni. Tvö vitni, sem á þessum tína voru vinir brotþola, komu fyrir dóminn. Annað þeirra gerði grein fyrir því að brotþoli hefði tjáð vitninu í maí 2015 að ákærði hefði nauðgað brotþola á meðan sonur brotþola hafi verið í næsta herbergi. Á þessum tíma hafi vitnið og brotþoli umgengist hvor aðra mikið. Hitt vitnið, fyrrum samstarfskona brotþola, lýsti því hjá lögreglu að brotþoli hefði oft komið taugaveikluð í vinnuna. Hafi brotþoli sýnt vitninu marbletti sem hún hafi sagt vera eftir átök við ákærða. Hafi brotþoli oft verið hágrátandi. Hafi brotþoli sagt að ákærði hafi þvingað nánd við hana. Hafi hún sagt að hann hefði hótad sér og sagt að þetta væri skylda hennar. Hún ætti að vera heima og sofa hjá ákærða óháð því hvort hún vildi það eða ekki. Einu sinni hafi brotþoli hringt og sagt að hún væri búin að gráta í hálf klukkustund. Hafi ákærði beðið eftir að sonur brotþola væri sofnaður. Hafi hann komið inn til hennar, klætt hana úr bol og nærbuxum, þrýst henni í rúmið og haft við hana samræði.

Ákærði hefur orðið missaga um tiltekin atriði málsins. Hjá lögreglu lýsti hann því sérstaklega, aðspurður um kynlíf, að ákærði og brotþoli hefðu elskast frá maí til september 2015. Hér fyrir dómi lýsti ákærði því að hann hefði unnið tvöfalda vinnu sumarið 2015 og ávallt komið heim þegar brotþoli hafi verið á leið til vinnu. Hafi ákærði og brotþoli því aldrei getað haft samfarir það sumar, þó svo að brotþoli héldi öðru fram. Með vísan til þessa misræmis er ákærði ótrúverðugur um þessi mikilvægu atriði málsins. Brotþoli hefur á móti verið sjálfri sér samkvæm um meginatriði málsins. Hún hefur lýst miklu ofbeldi af hálfu ákærða sumarið 2015. Fær sú staðhæfing hennar stoð í framburði vitna sem til hennar

þekktu, sem og félagsráðgjafa sem hún leitaði til þetta sumar. Vitnum og félagsráðgjafa greindi hún frá endurteknu ofbeldi af hálfu ákærða. Fyrir liggur að brotaþoli fór í Kvænnaathvarfið þetta sumar. Þá liggur fyrir að ákærði var dæmdur fyrir líkamsárás gagnvart brotaþola sem átti sér stað 5. september 2015. Í kjölfarið fékk brotaþoli sett á nálgunarbann á ákærða.

Við mat á framburði sonar brotaþola verður litið til tengsla þess vitnis við brotaþola, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008. Framburður þessa vitnis styður framburð brotaþola um að alvarlegur atburður hafi átt sér stað að nóttu til í ágúst 2015 í herbergi brotaþola. Til þess er rétt að líta í þessu sambandi að brotaþoli greindi vinum sínum frá því þetta sumar að sonur hennar hefði orðið vitni að því er ákærði nauðgaði henni. Brotaþoli greindi vinkonum sínum frá þessu atviki, sem og félagsráðgjafa hjá félagsþjónustunni. Brotaþoli var trúverðug í framburði sínum fyrir dóminum, þrátt fyrir að vera í miklu tilfinningalega uppnámi þegar hún greindi frá atvikinu.

Þegar litið er til ótrúverðugs framburðar ákærða um mikilvægt atriði málsins, og hliðsjón höfð af trúverðugum framburði brotaþola, sem stuðning hefur af framburði sonar brotaþola og vitna er brotaþoli var í samskiptum við þetta tiltekna sumar, er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi brotið gegn brotaþola, svo sem hún staðhæfir. Verður ákærði sakfelldur fyrir nauðgun, með því að hafa þvingað brotaþola til samræðis að nóttu til í ágúst 2015. Er brot ákærða rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í ágúst 1966. Hann var 20 desember 2017 dæmdur í sex mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b í lögum nr. 19/1940. Brot ákærða nú er hegningarauki við dóminn. Verður refsing ákveðin með hliðsjón af 78. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 77. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot. Til hins er að líta að nokkuð er um liðið síðan brotið var framið. Verður ákærða ekki kennt um þann drátt. Verður það haft til hliðsjónar við ákvörðun refsingar. Ákærða var gerð skilorðsbundin refsing 20. desember 2017. Með hliðsjón af alvarleika háttseminnar kemur ekki til álita að skilorðsbinda refsingu í þessu máli. Verður því að gera ákærða nýja heildarrefsingu fyrir öll brotin. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í 2 ár og sex mánuði.

Af hálfu brotaþola er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 8.000.000 króna auk vaxta. Skaðabótakrafan var sett fram þegar fyrir lá kæra brotaþola fyrir fjögur tilgreind brot ákærða gagnvart brotaþola. Nú liggur fyrir að þrjú þessara mála hafa verið felld niður. Ákærði hefur með ólögumætri háttsemi sinni valdið brotaþola miskatjóni. Gögn sem frammi liggja gefa ótvíræðar vísbendingar um að brotaþoli hafi orðið fyrir alvarlegu miskatjóni vegna brota

ákærða. Bætur verða ákveðnar að álitum og eru þær hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanna brotaþola, sem nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar réttargæslumanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir saksóknarfulltrúi.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í 2 ár og sex mánuði.

Ákærði greiði A miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 frá 11. september 2015 til 30. febrúar 2019 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 3.095.624 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar lögmanns, 1.496.680 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola Guðbjarnar Eggertssonar lögmanns, 896.520 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola á rannsóknarstigi, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 437.410 krónur.

Símon Sigvaldason